

Nefndarsvið Alþingis
bt. Allsherjar- og menntamálanefnd
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Reykjavík, 29. nóvember 2020

Umsögn Blaðamannafélags Íslands um:

Frumvarp til laga um um meðferð einkamála (rökstuðningur við málskostnaðarákvarðanir 101. mál).


(Lagt fyrir Alþingi á 151. löggjafarþingi 2020–2021.)

Stjórn Blaðamannafélags Íslands þakkar allsherjar- og menntamálanefnd Alþingis fyrir að hafa fengið tækifæri til þess að veita umsögn um ofangreint mál.

Blaðamannafélag Íslands styður heils hugar þær breytingar sem felast í frumvarpinu og telur það nánast augljóst að eðlilegt sé að dómari rökstyðji sérstaklega þá ákvörðun sína að fella niður málskostnað, þannig að hvor aðila um sig í dómsmáli greiði sinn hluta málskostnaðar. Það hefur ítrekað borið við í meiðyrðamálum að málskostnaður hafi verið felldur niður, þó blaðamaðurinn og fjölmiðillinn hafi verið sýknaður af þeim ávirðingum sem stefnt var fyrir með þeim eina rökstuðningi að eftir atvikum máls þyki eðlilegt að fella málskostnað niður. Málskostnaður hleypur alltaf á hundruðum þúsunda og oftast á milljónum króna og því er um verulega hagsmuni að ræða og íþyngjandi fyrir þá sem fyrir verða. Það er enda vandséð af hverju dómari ætti að vera undanskilinn því að rökstyðja niðurfellingu málskostnaðar, eins og aðra þætti máls sem eru fyrir dómi.

Að sjálfsögðu er fulltrúi félagsins reiðubúinn að koma fyrir nefndina og gera betur grein fyrir afstöðu félagsins sé þess óskað.

Virðingarfyllst,
f.h stjórnar BÍ



Hjálmar Jónsson, formaður BÍ

Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Hagsmunasamtök
Heimilanna



20. október 2020

Efni: Umsögn Hagsmunasamtaka heimilanna um 101. mál á 151. löggjafarþingi

Meðferð einkamála (rökstuðningur við málskostnaðarákvarðanir)

Markmið frumvarps þessa er í sjálfu sér einfalt, þ.e. að tryggja að rökstuðningur fylgi ákvörðunum dómara um málskostnað. Hagsmunasamtök heimilanna eru hlynnt því markmiði og fagna því mjög að við núverandi útfærslu frumvarpsins hafi verið tekið mið af athugasemdum samtakanna á fyrri stigum varðandi gildissvið þess. Samtökin styðja að frumvarpið verði samþykkt sem lög frá Alþingi.

- o -

Virðingarfyllt,
f.h. Hagsmunasamtaka heimilanna,

Ásthildur Lóa Þórsdóttir, formadur@heimilin.is

Guðmundur Ásgeirsson, erindreki@heimilin.is



Allsherjar- og menntamálanefnd
Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8-10
101 Reykjavík

Reykjavík, 30. nóvember 2020

Efni: Umsögn um frumvarp til laga um meðferð einkamála, 101. mál

Vísað er til erindis allsherjar- og menntamálanefndar 17. nóvember sl. þar sem ofangreint frumvarp var sent ÖBÍ til umsagnar. ÖBÍ leggur til að frumvarpið verði samþykkt.

Sá kostnaður sem almennt hlýst af rekstri dómsmála fyrir aðila þeirra bitnar sérstaklega þungt á öryrkjum og öðrum tekjulágum hópum. Ófyrirsjáanleiki í ákvörðunum dómstóla um upphæð og skiptingu málskostnaðar eykur enn á þá óvissu sem óhjákvæmilega fylgir rekstri slíkra mála. Afleiðing þessa er sú að dregið er enn frekar úr aðgangi öryrkja að dómstólum. Tekið skal fram í þessu sambandi að gjafsókn í máli stendur því ekki í vegi að aðili kunni að verða dæmdur til að greiða málskostnað gagnaðila síns ef mál tapast.

Að mati ÖBÍ er sú breyting sem lögð er til með frumvarpinu til þess fallin að stuðla að auknu samræmi og fyrirsjáanleika í ákvörðunum dómstóla um málskostnað. Slíkt er að mati ÖBÍ til þess fallið að bæta aðgengi öryrkja að dómstólum með því að gera einstaklingum betur kleift að spá fyrir um niðurstöðu málskostnaðarákvarðana dómstóla og leggja þannig nánara mat á þá fjárhagslegu áhættu sem fylgir rekstri dómsmáls.

Þótt sú breyting sem lögð er til með frumvarpinu horfi að mati ÖBÍ til bóta mun samþykkt frumvarpsins ekki fela í sér grundvallarbreytingu á aðgangi öryrkja að dómstólum. Málarekstur fyrir dómstólum mun eftir sem áður verða flestum öryrkjum fjárhagslega ofviða. Þessi aðstaða er sérstaklega óviðunandi í ljósi þess að öryrkjar hafa á liðnum árum oftsinnis þurft að leita til dómstóla til að knýja fram mannréttindi sín sem stjórnvöld hafa ekki virt af sjálfsdáðum. Ljóst er að þau mál sem tekist hefur að koma fyrir dómstóla eru ekki nema lítið hlutfall allra mála þar sem réttur hefur verið brotinn á öryrkjum.

Um leið og ÖBÍ hvetur til þess að fyrirliggjandi frumvarp verði samþykkt er mælt til þess að allsherjar- og menntamálanefnd hugi að umfangsmeiri breytingum á lagaumhverfi dómstóla í því augnamiði að gera dómstóla að notendavænna og skilvirkara úrræði fyrir borgarana til að leita úrlausnar um réttindi sín án tillits til efnahags eða fötlunar.

ÖBÍ er reiðubúið að senda fulltrúa sinn á fund nefndarinnar ef þess verður óskað.

Ekkert um okkur án okkar!

Virðingarfyllst, f.h. ÖBÍ,

Þuríður Harpa Sigurðardóttir formaður ÖBÍ